

EIGINLEIKAR GEISLANNA.

Geisli I

Þeir þjónendur á þessum geisla, sem eru þjálfaðir lærisveinar, starfa með þeirri aðferð að þrýsta vilja Guðs inn í hugi manna. Þetta verk vinna þeir með þeim máttugu áhrifum sem hugmyndir hafa á hugi manna, og með því að leggja áherslu á þau lögmál stjórnnunar sem mannkynið þarf að tileinka sér. Þegar leitandinn nær tökum á þessum hugmyndum hafa þær tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi eyðingu og niðurbrot þess sem er gamalt og til hindrunar, og í kjölfar þess birtist síðan hin nýja hugmynd í hreinu ljósi sem hinir vitsmunalega innstilltu meðal mannkynsins taka síðan til afnota. Í þessum hugmyndum felast mikilvæg frumatriði og þær eru hluti af hugmyndum nýrra tíma. Þjónendur þessa geisla starfa því sem eyðandi englar Guðs og brjóta niður gömul form, en samt sem áður er kærleikurinn hvatinn að því öllu.

Hinn almenni leitandi á þessum geisla starfar þó ekki á svo vitsmunalegan hátt. Hann skynjar hugmyndina sem mannkynið þarfnast, en hann reynir fyrst og fremst að koma henni á framfæri sem sinni eigin hugmynd, eins og hann skilur hana. Hann reynir með óþolinmæði að fá meðbræður sína til að viðurkenna hugmyndina, svo hún verði þeim að gagni. Óhjákvæmilega brýtur hann niður í sama mæli og hann byggir upp, og um síðir eyðir hann sjálfum sér. Nú á tímum vinna margir verðugir leitendur og lærisveinar, sem eru í þjálfun til þjónustu, á þennan dapurlega hátt.

Nokkrir af meisturum viskunnar og lærisveinar þeirra eru nú á tímum önnum kafnir í þeirri viðleitni að þrýsta inn í vitund mannkynsins ákveðnum grundvallandi og nauðsynlegum hugmyndum. Til undirbúnings fyrir starf þeirra vinnur hópur lærisveina að því að brjóta niður og ryðja brautina, og annar hópur lærisveina vinnur að því að setja fram nýjar hugmyndir, því að á þennan tvennan hátt vinnst verkið sameiginlega. Hugmyndin sem mun verða ráðandi í framtíðinni er kunngjörð í riti og mæltu máli af einum hópi lærisveina. Lærisveinahópurinn sem sér um þátt eyðingarinnar tekur við henni og tekur til við að brjóta niður gömul form sannleikans í þeim tilgangi að rýma fyrir og greiða götu hinna nýju sanninda sem smátt og smátt eru að koma fram á sjónarsviðið.

Geisli II

Þjónendur á þessum geisla íhuga hugleiða og safna saman hinum nýju hugmyndum sem tengjast Áætluninni, og með mætti hins aðlaðandi kærleika, sem þeir búa yfir, draga þeir til sín þá sem eru komnir svo langt í þróuninni að þeir geti numið og brugðist við sveiflutíðni hennar. Þeir hafa þann hæfileika að geta valið og þjálfað þá sem eru færir um að koma hugmyndinni í búning sem nær til alls almennings. Við skulum hafa hugfast að starf Helgivaldsins á þessum tímum og verkefni hins nýja heildis heimsþjónenda varðar fyrst og fremst hugmyndir. Lærisveinar og þjónendur á öðrum geisla eru “önnum kafnir við að gera bústaði fyrir þær máttugu verur sem ætíð hafa það hlutverk að efla hugsanir manna og boða með því komu nýrri og betri tíma þar sem mönnum gefst færi á því að þroska sál sína.” Svo greinir frá í ritinu “The Old Commentary”, en ég hef fært hinn forna texta í nútímalegan búning. Þjónendur á þessum geisla

starfa með heillandi, aðlaðandi og samúðarfullum skilningi og viturlegu hæglæti sem grundval-
last á kærleika. Nú á tímum eru áhrif þeirra að verða ríkjandi.

Geisli III

Þjónendur á þessum geisla hafa sérstöku hlutverki að gegna nú á tímum við að örva vits-
muni mannkynsins, skerpa þá og auðga. Þeir vinna við meðhöndlun hugmynda í þeim tilgangi
að gera þær aðgengilegri til skilnings þeim fjölda skynsamra karla og kvenna sem er að finna í
heiminum á okkar tímum en hafa ekki enn vakandi innsæisgáfu. Það er athyglisvert hve starf
hinna sönnu þjónenda snertir aðallega hinar nýju hugmyndir, en ekki skipulag og gagnrýni (því
þetta tvennt fylgist að). Leitendur á þriðja geislanum grípa hugmyndirnar, þegar þær koma frá
hinni háleitu vitund þeirra sem starfendur á fyrsta geisla þjóna, og eru gerðar aðlaðandi af þeim
sem starfa á öðrum geislanum (aðlaðandi í innræðum skilningi), og aðlagðar þörf tímans og
settar í búning orða af hinum vitsmunalegu þriðju geisla manngerðum. Í þessu felst vísbending
til margra persónuleika á þriðja geislanum sem starfa nú á tímum á hinum ýmsu sviðum
þjónustu.

Geisli IV

Þessi geisli er ekki í raunbirtingu um þessar mundir, og þess vegna eru fáar fjórða-geisla
sálir tiltækar til heimsþjónustu. Það eru þó margir fjórða geisla persónuleikar í heiminum og
þeir geta lært mikið með því að athuga starf Hins nýja heildis heimsþjónenda. Meginverkefni
fjórða-geisla leitandans er að samstillja nýju hugmyndirnar þeim gömlu, svo að ekki myndist
hættulegt bil eða umskipti. Það eru þeir sem koma á “réttlátu samkomulagi,” og aðlaga hið nýja
og hið gamla þannig að hið sanna grunnmynstur viðhaldist. Þeir eru brúarsmiðir, því þeir búa
yfir sönnu innsæi og hafa hæfileika til samfjöllunar þannig að starf þeirra getur vissulega orðið
til hjálpar við að færa fram á sjónarsviðið hina sönnu guðlegu mynd.

Geisli V

Þjónendur á fimmta geislanum eru í vaxandi mæli að komast til áhrifa. Það eru þeir sem
rannsaka formið í þeim tilgangi að finna hina duldu hugmynd þess og kraftinn sem viðheldur
því, og í þessum tilgangi starfa þeir með hugmyndir sem þeir annað hvort sanna eða afsanna.
Þeir taka inn í sínar raðir þá sem hafa fimmta geisla persónuleika og þjálf þá í list hinna
vísindalegu rannsókna. Með þeim andlegu hugmyndum sem þeir skynja og liggja að baki form-
hlið lífsins, með hinum mörgu uppgötvunum um vegi Guðs meðal manna og í náttúrunni, með
upppfinningunum (sem eru aðeins efnisgerðar hugmyndir) og með lögum sem eru vitnisburður
um Áætlunina, eru þeir að undirbúa þann nýja heim þar sem menn munu starfa og lifa sínu lífi á
dýpri, meðvitaðri og andlegri hátt. Lærisveinar sem starfa í þessum anda um allan heim nú á
tímum eru virkari en á nokkru öðru tímabili í sögu mannkynsins. Þeir eru meðvitað og ómeð-
vitað að leiða mannkynið inn í heim þar sem tilgangurinn er skýr, og uppgötvanir þeirra munu
smátt og smátt binda enda á það ástand atvinnuleysis sem nú ríkir, og upppfinningar þeirra og
endurbætur munu ásamt hinni stöðugt vaxandi hugmynd, að allir hópar séu háðir hvorir öðrum
innbyrðis (sem er meginboðskapur Hins nýja heildis heimsþjónenda), munu smátt og smátt bæta

aðstæður meðal mannkynsins þannig að tímabil friðsældar og áhyggjuleysis getur fylgt í kjölfarið. Þið takið eftir því að ég segi ekki “muni fylgja í kjölfarið,” því jafnvel Kristur sjálfur getur ekki sagt nákvæmlega fyrir um þá tímalengd sem þarf fyrir breytingar, né viðbrögð mannkynsins við þeim sannindum sem opinberuð eru á hverjum tíma.

Geisli VI

Sjötti geislinn hefur verið virkur síðustu tvö þúsund árin og áhrif hans hafa verið þau að mannkynið hefur öðlast mikla þjálfun í þeirri list að meta hugsjónir, en þær eru frumdrög hugmynda. Aðalstarf lærisveina á þessum geisla felst í því að færa sér í nyt hina þroskuðu tilhneigingu mannkynsins að hrífast af hugsjónum, og án þess að steyta á skeri ofstækisins eða festast í grynningum hinna hættulegu yfirborðskenndu langana, að þjálf hugsendur heimsins í því að þrá hið góða, sanna og fagra svo heitt að hugmyndin geti flust frá hugarviðinu og íklæðst einhvers konar formi á jörðinni. Þessir lærisveinar og leitendur vinna á meðvitaðan hátt með eðlisþátt löngunarinnar í mannum; þeir vinna á vísindalegan hátt við að virkja hann á réttan hátt. Aðferð þeirra er vísindaleg vegna þess að hún byggist á réttum skilningi á hinum mennska efniviði sem þeir vinna með.

Sumt fólk þarf að hvetja til starfa með hugmynd og með þeim geta fyrsta geisla lærisveinar náð árangri. Aðrir hrífast auðveldlegar af hugsjón og helga síðan óskir sínar og persónulegt líf þessari hugsjón. Með þessum mönnum getur lærisveinn á sjötta geislanum auðveldlega unnið, og það ætti hann að leitast við að gera og kenna þeim að greina sannleikann, halda hugsjóninni stöðugt á lofti fyrir þeim, og reyna að halda þeim frá of kraftmikilli og einstrengingslegri tjáningu á hugðarefnum sínum, þar sem þörf er fyrir langtíma stöðuga viðleitni. Hafa skal í huga að þegar sjötti geislinn er geisli persónuleikans getur hann haft mun meiri eyðingaráhrif en fyrsti geislinn, því visku skortir, og þar sem hann finnur sér farveg í einhverri gerð löngunar fylgir hann greiðustu leið fjöldans, og því á hann mun auðveldara með að valda áhrifum á efnisviðinu. Sjötta geisla fólk þarf að sýna sérstaka aðgæslu, því það er of einstrengingslegt og býr yfir of mikilli persónulegri þrá. Þróunin hefur einnig verið hliðholl þessari manngerð um mjög langan tíma. En sjötta geisla aðferðin, að vekja þrá til að efnisbirta hugsjón, er ómissandi, og til allrar hamingju er marga leitendur og lærisveina að finna á þessum geisla nú á tímum.

Geisli VII

Um þessar mundir stuðlar sjöundi geislinn að myndun virkra og nauðsynlegra hópa lærisveina sem eru fullir ákefðar við að aðstoða við Áætlunina. Efnisviðið er eðlilegur starfsvettvangur þeirra. Þeir geta skipulagt þær hugsjónir sem mannkynið hefur náð að kalla fram, en þær búa yfir eins miklu af hugmynd Guðs og tímabilið og mannkynið getur tjáð og fært í form á jörðinni. Starf þeirra er máttugt og nauðsynlegt og krefst mikillar færni í starfi. Þetta er sá geisli sem nú er að komast til áhrifa. Engin geislagerð í þessari krossferð Helgivaldsins getur í raun og veru starfað án hjálpar allra hinna, og enginn hópur getur haldið áfram starfi sínu einsamall. Glögg má sjá mismun aðferða eldri tímans og hins nýja í tjáningu hugmyndarinnar um leiðtoga annars vegar sem einstakling og hins vegar sem heildi. Það er mismunurinn á milli þess að einstaklingurinn reynir að hafa áhrif á meðbræður sína með persónulegri túlkun sinni á hugmyndinni eða að heildi túlki hugmyndina, myndi heildishugsjón og klæði hana í ákveðið form

og vinni að framgangi hugmyndarinnar án þess að einn einstaklingur sé ráðandi. Þetta er meginverkefni sjöunda geisla lærisveinsins nú á tímum, og að þessu þarf hann að róa öllum árum. Hann verður að mæla máttarorð sem eru heildisorð, og íklæða viðleitni heildisins í skipulagða **hreyfingu**, en hún er, eins og menn munu sjá, gagnólík félagasamtökum. Lýsandi dæmi um notkun á slíku máttarorði í heildisnotkun er Ákallið Mikla sem nýlega hefur verið látið í té, en það hefur verið notað með markverðum árangri. Notkun þess skyldi haldið áfram, því það er máttarorðið sem markar upphaf hins komandi sjöunda geisla. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt máttarorð hefur verið gefið mannkyninu til almennra afnota.

A Treatise on the Seven Rays,
Esoteric Psychology vol. II,
bls. 140-145.

Fyrsti geislinn - vilji eða máttur

Sérstakar dyggðir:

Kraftur, hugrekki, úthald, sannsögli sem stafar af algjöru óttaleysi, kraftmikil stjórn, hæfileiki til að ná tökum á yfirgripsmiklum viðfangsefnum á víðsýnan hátt og að meðhöndla menn og málefni.

Gallar geislans:

Stolt, metnaðargirni, einþykkni, harka, hroki, löngun til að ráðskast með aðra, þrjóska og reiði.

Dyggðir sem fyrsta geisla maðurinn þarf að ávinna sér:

Mildi, auðmýkt, samúð, umburðarlyndi og þolinmæði.

Rætt hefur verið um þennan geisla sem máttargeisla og það með réttu, en ef um væri að ræða máttinn einan án visku og kærleika yrði afleiðingin eyðandi og sundrandi kraftur. En aftur á móti þegar þessir þrjár eiginleikar eru sameinaðir verður hann skapandi og stjórnandi geisli. Menn á þessum geisla búa yfir sterkum viljakrafti annað hvort til góðs eða ills, hið fyrrnefnda þegar viljinn stjórnast af visku og er af kærleika óeingingjarn. Maður á fyrsta geisla mun alltaf “verða í fremstu röð” á sínu sviði. Hann kann að vera þjófurinn eða dómari sem dæmir hann, en hvort heldur sem er mun hann ávallt verða framarlega í sínu fagi. Hann er fæddur leiðtogi á hvaða sviði sem er, sá sem hægt er að treysta og reiða sig á, sá sem ver þá sem minna mega sín, og sá sem berst gegn kúgun og misrétti óttalaus um afleiðingarnar og lætur álit annarra sem vind um eyru þjóta. Á hinn bóginn getur óþroskaður fyrsti geisli skapað mann sem er miskunnarlaus, grimmur og harður að eðlisfari.

Fyrsta geisla maðurinn er oft maður sterkra tilfinninga og ástúðar, en hann á erfitt með að láta tilfinningar sínar í ljós; hann hefur mætur á miklum andstæðum og sterkum litum, en hann verður sjaldan listamaður; hann hefur ánægju af áhrifamiklum hljómsveitarverkum og voldugum kórum, og hann getur orðið mikið tónskáld ef fjórði, sjötti eða sjöundi geislinn eru

einnig virkir hjá honum, en ekki að öðrum kosti; ein gerð geislans er laglaus, og önnur er litblind á fíngerðari litbrigði. Slíkur maður gerir greinarmun á rauðu og gulu, en ruglar alltaf saman bláu, grænu og fjólubláu.

Ritstörf fyrsta geisla mannsins einkennast af hvössum og sterkum stíl, en hann lætur sig litlu skipta smáatriði og fagurfræði í verkum sínum. Sem dæmi um þessa manngerð mætti ef til vill nefna Luther, Carlyle og Walt Whitman. Sagt er að besta aðferðin fyrir fyrsta geisla manninn við lækningar sé að draga til sín heilbrigði og kraft frá hinni miklu uppsprettu alheimslegs lífs með viljakrafti sínum og láta það síðan streyma í gegnum sjúklinginn. Að sjálfsgöðu er skilyrði fyrir slíku að lækandinn búi yfir góðri þekking á dulfræðilegum aðferðum.

Einkennandi aðferð fyrsta geislans við hina miklu andlegu leit er hreinræktaður viljakraftur. Slíkur maður myndi vinna himnaríki “með valdi.” Við höfum séð að hinn fæddi leiðtogi tilheyrir þessum geisla, algerlega eða að hluta. Hann skapar hæfan herstjórnanda, eins og til dæmis Napoleon eða Kitchener. Napoleon var á fyrsta og fjórða geisla, og Kitchener var á fyrsta og sjöunda geisla, en sína óvenjulega miklu skipulagshæfileika átti hann sjöunda geislanum að þakka.

Annar geislinn - kærleikur og viska

Sérstakar dyggðir:

Ró, styrkur, þolinmæði og þrautseigja, sannleiksást, tryggð, innsæi, hreinir vitsmunir og skapstilling.

Gallar geislans:

Tilhneiging til að sökkva sér of mikið niður í rannsóknir, kaldlyndi, afskiptaleysi um annað fólk og fyrirleitning á skilningsleysi annarra.

Dyggðir sem annars geisla maður þarf að ávinna sér:

Kærleikur, samúð, óeigingirni og kraftur.

Annar geislinn er kallaður geisli viskunnar því einkennandi fyrir hann er löngun eftir hreinni þekkingu og algildum sannindum — köldum og eigingjörnum, ef kærleik skortir, og óvirkum ef kraftinn vantar. Þegar bæði kærleikur og kraftur eru til staðar, þá er hann geisli Búddhanna og allra þeirra miklu fræðara mannkynsins sem hafa öðlast visku vegna meðbræðra sinna og helga sig því verkefni að miðla henni. Nemandi á þessum geisla er aldrei ánægður með besta árangur sinn; engu máli skiptir hve mikil þekking hans er, hugur hans er samt bundinn hinu óþekktu, því sem er handan við og tindunum sem enn eru óklifnir.

Annars geisla maðurinn býr yfir háttvísi og fyrirhyggju; hann væri ágætur sendiherra og fyrsta flokks kennari eða skólastjóri; sem athafnamaður hefur hann skýran skilning og visku þegar hann þarf að takast á við vandamál, og hann hefur hæfileika til að gefa öðrum sanna mynd af viðfangsefninu og fá menn til að skilja sitt sjónarmið. Hann væri góður kaupsýslumaður ef fjórði, fimmti eða sjöundi geislinn væri einnig virkir hjá honum. Hermaður á þessum geisla gerir viturlegar áætlanir og sér fyrir ýmsa möguleika; hann finnur á sér bestu leiðirnar, og hann myndi aldrei leiða menn sína í hættu í fljótfærni. Hann skortir ef til vill skjót viðbrögð og kraft.

Listamaður á þessum geisla reynir alltaf að kenna með list sinni og myndir hans hafa ákveðið inntak. Ritverk hans eru alltaf fræðandi.

Aðferð annars geisla mannsins við lækningar felst í því að kynna sér vandlega skapgerð sjúklingsins ásamt því að vera vel kunnur eðli sjúkdómsins til að geta notað viljakraft sinn með sem bestum árangri við hvert tilfelli.

Það sem einkennir aðferð annars geislans við að nálgast hina andlegu leið er nákvæm og einlæg rannsókn á kenningunum þar til þær verða svo samgrónar vitund mannsins að þær eru ekki lengur aðeins vitsmunaleg þekking heldur andlegar lífsreglur og þannig vekja þær innsæi og sanna visku.

Slæm gerð annars geislans væri altekin þekkingarleit fyrir sjálfan sig eingöngu ásamt algeru ónæmi fyrir mannlegum þörfum annarra. Hjá slíkum manni yrði fyrirhyggjan að tortryggni og rósemin að kaldlyndi og harðneskju.

Þriðji geislinn - æðri hugur

Sérstakar dyggðir:

Víðsýni í öllum óhlutlægum málefnum, einlægur tilgangur, skýrir vitsmunir, hæfni til einbeitingar í heimspekilegum rannsóknum, þolinmæði, varkárni og skortur á þeirri tilhneigingu að láta smámuni hagga ró sinni eða annarra.

Gallar geislans:

Vitsmunabótti, kaldlyndi, einangrun, ónákvæmni í smáatriðum, athyglisskortur, þrjóska, eigingirni og óhæfileg gagnrýni á aðra.

Dyggðir sem þriðja geisla maður þarf að ávinna sér:

Samúð, þolinmæði, hollusta, nákvæmni, kraftur og almenn skynsemi.

Þetta er geisli hins óhlutlæga hugsuðar, heimspekings og dulfræðings, þess manns sem hefur ánægju af æðri stærðfræði, en það er maður sem myndi tæplega hafa nákvæma reglu á hlutum sínum nema hann væri undir áhrifum einhvers hagnýts geisla. Hann hefur háþróaðan ímyndunarhæfileika, þ.e.a.s. hann getur náð tökum á kjarna sannleikans með því að nota ímyndunarhæfileika sinn; hann býr oft yfir sterkum hugsjónum; hann er draumóramaður og kenningasmiður, og vegna víðsýni sinnar og mikillar varkárni sér hann allar hliðar málsins jafn-skýrt. Þetta hefur stundum þær afleiðingar að ekkert verður úr framkvæmdum. Hann er efni í góðan kaupsýslumann; sem hermaður myndi hann leysa herfræðiprautir á skrifborði sínu en væri sjaldan mjög framúrskarandi á vígvellinum. Sem listamanni væri honum nokkuð áfátt í tækni, en viðfangsefni hans væru mjög áhugaverð og úthugsuð. Hann ann tónlist, en hann myndi ekki semja nema hann væri undir áhrifum frá fjórða geislanum. Á öllum stigum lífsins er hann fullur af hugmyndum, en hann skortir hagsýni til að koma þeim í verk.

Ein gerð þessa geisla fylgir lítt hefðum og er hirðulaus, óstundvís og löt og hirðir ekki um útlit sitt né framkomu. Ef aukageisli hans er fimmti geislinn er skapgerð hans öll önnur. Þriðji og fimmti geislinn skapa hinn fullkomna sagnfræðing sem hefur víðsýn tök á viðfangsefni sínu og gengur nákvæmlega úr skugga um hvert smáatriði með mikilli þolinmæði. Þriðji og

fimmtri geislinn saman skapa einnig hinn sannlega mikla stærðfræðing sem lætur hugann svífa upp í hæðir óhlutlægrar hugsunar og íhugunar og getur einnig fært niðurstöður sínar niður á svið hagnýtrar vísindalegrar notkunar. Ritstíll þriðja geisla mannsins er of oft óljós og flókinn, en ef hann er undir áhrifum fyrsta, fjórða, fimmta eða sjöunda geislans er þessu á annan veg farið, og undir áhrifum fimmta geislans er hann mjög fær rithöfundur.

Lækningastarf þriðja geisla mannsins felst í því að nota lyf gerð úr jurtum eða steinefnum af sama geisla og geisli sjúklingsins sem hann leitast við að lækna.

Aðferð þriðja geisla mannsins við hina miklu andlegu leit felst í djúpri íhugun um heimspækileg og dulfræðileg efni þar til hann öðlast skilning á hinum mikla innri raunveruleika og hinu yfirgnæfandi mikilvægi þess að feta brautina sem þangað liggur.

Fjórði geislinn - samræmi fyrir átök

Sérstakar dyggðir:

Sterkar tilfinningar, samúð, líkamlegt hugrekki, gjafmildi, trúfesta og skarpir vitsmunir og næmni.

Gallar geislans:

Sjálfsbyggja, áhyggjur, ónákvæmni, vöntun á siðferðilegu hugrekki, sterkar ástríður, leti og óhóf.

Dyggðir sem fjórða geisla maðurinn þarf að ávinna sér:

Rósemi, traust, sjálfsstjórn, hreinleiki, óeigingirmi, nákvæmni og hugrænt og siðferðilegt jafnvægi.

Fjórði geislinn hefur verið nefndur “geisli átakanna” því á þessum geisla eru eiginleikar rajas (virkni) og tamas (óvirkni) svo einkennilega jafnir að styrk að eðli fjórða geisla mannsins er undirlagt baráttu þeirra, og þegar úrslit átakanna eru fullnægjandi er talað um þau sem “fæðingu Hórusar,” eða Krists í gegnum fæðingarhríðir stöðugs sársauka og þjáninga.

Tamas kallar fram löngun í þægindi og skemmtanir, óbeit á því að valda óþægindum sem jaðrar við siðferðilegt hugleysi, aðgerðaleysi, seinlæti, löngun til að láta allt sitja við það sama, hvíld og að hugsa ekki til framtíðar. Rajas felur í sér eldmóð og óþolinmæði og hvetur ætíð til athafna. Þessir tveir andstæðu kraftar náttúrunnar valda stanslausum átökum og óróleika í lífi fjórða geisla mannsins; árekstrarnir og reynslan sem fást með því kunna að valda mjög hraðri þróun, en það getur jafn auðveldlega orðið til þess að manningnum takist aldrei að ljúka neinu verki eins og því að hann verði afreksmaður.

Þetta er geisli hins glæsta riddaraliðsforingja sem skeytir ekkert um hættur hvorki fyrir sjálfan sig né þá sem fylgja honum. Þetta er geisli mannsins sem leggur út í vonlaus fyrirtæki, því á stundum spennunnar er fjórða geisla maðurinn algerlega undir áhrifum frá rajas; hann er einnig geisli braskarans og fjárhættuspilarans, fullur brennandi áhuga og ráðagerða, lætur yfirbugast auðveldlega af sorg eða mistökum, en er jafnfljótur að ná sér eftir allan andbyr og ógæfu.

Þetta er umfram allt litageisli, geisli listamannsins sem kann frábærlega að meðhöndla líti, þó svo teiknihæfileikanum sé oft áfátt. (Watts var fjórða og annars geisla maður). Maður

fjórða geislans ann ávallt litum, og getur venjulega búið þá til. Ef hann er ekki þjálfaður listamaður er alveg víst að litaskynið kemur fram á annan hátt, til dæmis í fatavali eða skreytingum.

Fjórða geisla tónlist er ævinlega mjög lagræn, og fjórða geisla maðurinn heldur mikið upp á góða laglínu. Verk fjórða geisla rithöfundar eða skálds eru oft snilldarleg og full af myndrænum líkingum, en eru ónákvæm, ýkt og oft svartsýn. Venjulega kemur hann vel fyrir sig orði og hefur gott skopskyn, en hann sveiflast á milli snilldarlegra samræðna og þrúgandi þagnar, allt eftir því í hvernig skapi hann er. Hann er ánægjuleg og jafnframt erfið persóna í sambúð.

Besta fjórða geisla aðferðin við lækningar er nudd og segulmagnslækningar, notaðar af þekkingu.

Aðferðin við að nálgast hina andlegu leið felst í sjálfstjórn til að öðlast jafnvægi meðal stríðandi krafta náttúrunnar. Lægri leiðin og jafnframt hin mjög svo hættulega leið er hathajóga.

Fimmti geislinn - lægri hugur

Sérstakar dyggðir:

Hárnákvæmar yfirlýsingar, réttlæti (án miskunnar), þrautseigja, heilbrigð skynsemi, ráðvendni, sjálfstæði og gáfur.

Gallar geislans:

Hörð gagnrýni, þröngsýni, hroki, langrækni, skortur á samúð og virðingu og fordómar.

Dyggðir sem fimmta geisla maðurinn þarf að ávinna sér:

Virðing, trúfesta, samúð, kærleikur og víðsýni.

Fimmti geislinn er geisli vísinda og rannsókna. Maður á þessum geisla býr yfir skörpum gáfum, mikilli nákvæmni í smáatriðum, og er óþreytandi við að rekja uppruna hinna smæstu atriða, og að sanna hverja kenningu. Venjulega er hann ákaflega sannsögull og hefur greinargóðar skýringar á staðreyndum þó hann sé stundum smásmugulegur og þreytandi vegna þess hve hann leggur mikla áherslu á léttvæg og lítilsverð orðrétt smáatriði. Hann er reglusamur, stundvís, hagsýnn og hefur lítinn áhuga á vinsældum og smjaðri.

Þetta er geisli hins mikla efnafræðings, hins hagsýna rafvirkja, hins fyrsta flokks verkfræðings og hins mikla skurðlæknis. Sem stjórnmalamaður er fimmta geisla maðurinn þröngsýnn í skoðunum, en hann væri þrýðilegur stjórnandi yfir deild á hvers konar sérhæfðu tæknisviði, hann er þó ekki geðfelldur yfirmaður. Sem hermaður er hann best fallin til verkfræði eða stórskotaliðstækni. Listamaður á þessum geisla er mjög sjaldgæfur nema annar áhrifageisli hans sé fjórði eða sjöundi geislinn; þrátt fyrir það væru myndir hans einhæfar, höggmyndirnar líflausar og tónlist hans (ef hann legði fyrir sig að semja) væri lítt áhugaverð, þó svo hún væri tæknilega fullkomin að formi til. Ritstíll hans eða orðræða er mjög skýr, en hana skortir líf og markmið, og hann verður oft langorður af löngun sinni til að segja allt sem mögulega er hægt að segja um viðfangsefnið.

Sem lækandi er hann hinn fullkomni skurðlæknir, og nær bestum árangri við lækningar með skurðlækningum og raflækningum.

Besta aðferðin fyrir fimmta geislann við að nálgast hina andlegu leið er með vísindalegum rannsóknum sem framhaldið er allt til hinnar hinstu lokaniðurstöðu og með viðurkenningu á þeim ályktunum sem draga má af þeirri niðurstöðu.

Sjötti geislinn - trúfesta

Sérstakar dyggðir:

Trúrækni, einhygli, kærleikur, blíðlyndi, innsæi, tryggð og virðing.

Gallar geislans:

Eigingjarn og afbrýðisamur kærleikur, að vera of háður öðrum, hlutdrægni, sjálfsblekking, sértrúarstefna, hjátrú, fordómar, of mikið fljótræði í ályktunum og brátt skap.

Dyggðir sem sjötta geisla maðurinn þarf að ávinna sér:

Kraftur, sjálfsfórn, hreinleiki, sannsögli, umburðarlyndi, ró, jafnvægi og heilbrigð skynsemi.

Sjötti geislinn er kallaður geisli trúrækninnar. Sjötta geisla maðurinn er fullur af trúarlegum hvötum og innblæstri og sterkum persónulegum tilfinningum og hann tekur engu með jafnaðargeði. Í augum hans er allt annað hvort fullkomið eða óþolandi; vinir hans eru englar og óvinir hans mjög svo hið gagnstæða; í báðum tilfellum eru viðhorf hans ekki byggð á eðlislægum verðleikum viðkomandi, heldur á hvern hátt persónurnar geðjast honum, eða eftir því hve mikinn skilning eða skilningsskort þeir sýna uppáhalds átrúnaðargoðum hans, hvort sem þau eru hlutlæg eða óhlutlæg, því hann er fullur trúrækni sem getur bæði beinst að persónu eða málstað.

Hann verður alltaf að eiga “persónulegan Guð,” eða holdtekju guðdómsins til að tilbiðja. Besta tegund þessa geisla skapar dýrlinginn, hin versta skapar ofstækis- eða öfgamanninn, hinn dæmigerða píslarvott eða hinn dæmigerða mann rannsóknarréttarins. Allar trúarbragðastyrjaldir og krossferðir hafa átt rót sína að rekja til sjötta geisla ofstækis. Sjötta geisla maður er oft blíðlyndur, en hann getur alltaf rokið upp í ofsa og eldlegri reiði. Hann getur lagt líf sitt í sölurnar fyrir það eða þann sem hann dýrkar eða virðir, en hann lyftir ekki fingri til að hjálpa þeim sem eru utan hans nánasta áhugasviðs. Sem hermaður hefur hann ímugust á bardögum en oft þegar hann er hvattur til bardaga þá berst hann eins og heltekinn. Hann er aldrei góður stjórnmaðla- maður né heldur kaupsýslumaður, en hann getur verið mikill predikari eða ræðumaður.

Sjötta geisla maðurinn verður skáld tilfinninganna (eins og Tennyson) og rithöfundur trúarrita, í bundnu eða lausu máli. Hann laðast að fegurð og litum og öllu því sem er fagurt, en honum verður ekki mikið úr verki nema hann sé undir áhrifum frá einhverjum af hinum hagnýtari geislum listarinnar, þeim fjórða eða sjöunda. Tónlist hans er alltaf lagræn, og sem tónskáld semur hann oft óratóríur og andlega tónlist.

Þessum geisla hæfir best lækningar með trú og bænum.

Leiðin til að nálgast hina andlegu leið á þessum geisla væri með bænum og hugleiðingu sem miðar að sameiningu við Guð.

Sjöundi geislinn - helgisiðir eða kynngi

Sérstakar dyggðir:

Kraftur, þol, hugrekki, háttþryði, mikil nákvæmni í smáatriðum og sjálfstraust.

Gallar geislans:

Formfesta, skortur á umburðarlyndi, stolt, þröngsýni, yfirborðslegar ályktanir og óhóflegt sjálfsálit.

Dyggðir sem sjöunda geisla maðurinn þarf að ávinna sér:

Skilningur á einingu, víðsýni, umburðarlyndi, auðmýkt, blíðlyndi og kærleikur.

Sjöundi geislinn er geisli helgisiðanna, geislinn sem fær manninn til að hafa ánægju af “öllum hlutum sem gerðir eru á viðeigandi og réttan hátt,” og í samræmi við reglur og fordæmi. Þetta er geisli æðsta prestsins og hirðstjórans, hermansins sem er fæddur skipuleggjandi og hins fullkomna herbirgðastjóra sem mun fæða og klæða herdeildirnar á hinn besta mögulega hátt. Þetta er geisli hins fullkomna hjúkrunarfræðings sem gætir að öllum smæstu atriðum, en hættir þó stundum til að taka lítið tillit til sérþarfa sjúklinganna og reynir að njörva þá niður í fastar skorður.

Þetta er geisli formsins, hins fullkomna myndhöggvara sem sér og býr til ímynd hinnar fullkomnu fegurðar, hönnuðar fagurra forma og hvers konar mynsturs; en slíkur maður nærði ekki árangri sem málari nema annar áhrifageisli hans væri sá fjórði. Sambland fjórða geislans við þann sjöunda skapar listamann af bestu gerð, þar sem form og litir eru bæði í besta flokki. Ritverk sjöunda geisla mannsins eru athyglisverð fyrir fagaðan stíl, en maður á sjöunda geislanum hugsar mun meira um stíl en innihald verka sinna, en hann er ávalt vel máli farinn hvort sem er í rituðu eða mæltu máli. Sjöunda geisla maðurinn aðhyllist oft sértrúarsöfnuði. Hann hefur mikla ánægju af fastmótuðum helgisiðum og trúarathöfnum, miklum skruðgöngum og sýningum, könnun á herliði og stríðsskipum, ættartrám og reglum um tignarröð.

Slæm gerð sjöunda geislans er hjátrúarfull, og þannig maður hefur mikinn áhuga á fyrirboðum, draumum, hvers kyns dulspekilegum athöfnum og fyrirbrigðum andatrúarmanna. Hin góða gerð geislans er algerlega ákveðin í því að gera hið rétta og segja rétt orð á réttu augnabliki; slíkum manni er því búinn góður frami.

Í lækningum setur sjöunda geisla maðurinn traust sitt á mikla nákvæmni í því að fylgja hefðbundinni meðhöndlun sjúkdóma. Stundun jóga hefur engar slæmar líkamlegar afleiðingar fyrir sjöunda geisla manninn.

Hann nálgast hina andlegu leið með því að fylgja reglum iðkunar og helgisiða. Hann getur með auðveldum hætti sært fram og haft stjórn á frumgervisöflunum.

A Treatise on the Seven Rays,
Vol. I Esoteric Psychology, bls. 201 - 211.

Fyrsti geislinn

Kröftug einhygli,
eyðandi orka,
máttur notaður á eigingjarnan hátt,
ástleysi,
einangrun,
löngun eftir valdi og yfirráðum,
drottunarþrá,
kraftur og einþykkni,

sem leiðir til:

Kraftmikillar notkunar orku til áframhaldandi eflingar Áætlunarinnar,
notkunar eyðandi krafta í þeim tilgangi að undirbúa jarðveginn fyrir byggjendurna,
löngunar eftir krafti til notkunar við samvinnu,
að komist er að raun um að aðalvopn kærleika er máttur,
samsömunar við hrynjandi heildarinnar,
að einangrun verður úr sögunni.

Annar geislinn

Máttur til uppbyggingar í eigingjörnum tilgangi,
hæfni til að skynja heildina en standa sjálfur utan við,
ræktun aðgreiningarkenndar,
hið hulda ljós,
eigingjörn þrá,
löngun eftir efnislegum munaði,
eigingirni og hagnýting allra sálareiginda í þjónustu hennar,

sem leiðir til:

Viturlegrar uppbyggingar með hliðsjón af Áætluninni,
samkenndar,
þrá eftir visku og sannleika,
næmni fyrir **heildinni**,
afneitanar hinnar miklu trúvillu um aðgreiningu mannsins,
opinberunar ljóssins,
sannrar uppljómunar,
réttra orða vegna áunninnar visku.

Þriðji geislinn

Orka meðhöndluð af eigingjarnri löngun,
vitsmunaleg notkun orku með röngum tilgangi,
áköf efnisleg og hugræn virkni,
litið er á orku sem markmið í sjálfri sér,
þrá eftir frægð, fegurð og efnislegum hlutveruleika,
tál, sýndarljómi og blekking umlykur manninn,

sem leiðir til:

meðhöndlunar orku í þeim tilgangi að leiða í ljós fegurð og sannleika, vitsmunalegrar notkunar krafta til áframhaldandi eflingar Áætlunarinnar, reglubundinnar og háttbundinnar starfsemi í samvinnu við **heildina**, þrá eftir rétttri opinberun guðdómsins og ljóss, að haldið er fast við rétta starfsemi, opinberunar dýrðar og góðs vilja.

Fjórði geislinn

Óskipuleg barátta,
skilningur á því sem er lágstætt ásamt því sem er æðra,
myrkrið sem er undanfari formtjáningar,
innsæið hjúpað hulu,
skynjun ósamræmis og samstarf við afmarkaðan hluta en ekki heildina, samsömun við mannkynið, hið fjórða skapandi lífríki, ótilhlýðileg viðurkenning á því sem hið talaða orð veldur, óeðlileg næmni fyrir því sem er ekki-sjálfið, stöðug umskipti og erfiðleikar,

sem leiða til:

Einingar og samræmis,
vöknunar innsæisins,
réttis mats og hreinna vitsmuna,
viskunnar sem Engill nálægðarinnar veitir.

Fimmti geislinn

Orka vanþekkingar,
gagnrýni,
hæfileiki til réttlætningar og eyðingar,
hugræn aðgreining,
þrá eftir þekkingu sem leiðir til efnislegrar virkni,
nákvæm greining smáatriða,
áköf efnishyggja og tímabundin afneitun guðdómsins,
mögnun hæfileikans til einangrunar,
afleiðingar rangrar áherslu,
brennguð viðhorf til sannleikans,
hugrænt dálæti á formi og starfsemi með form,
guðfræði,

sem leiðir til:

Þekkingar á raunveruleikanum,
þekkingar á sálinni og möguleikum hennar,
hæfileika til að verða var við og ná sambandi við Engil nálægðarinnar.

næmni fyrir guðdómnum, ljósi og visku,
andlegrar og hugrænnar trúrækni,
hæfileikans til að taka vitundarvígslu, (þetta er atriði sem er mjög mikilvægt.)

Sjötti geislinn

Ofsi, ofstæki, þrákelknisleg hollusta við hugsjón,
skammsýni,
hernaðardýrkun og tilhneiging til að elda grátt silfur við aðra og við hópa,
hæfileiki til að sjá aðeins sína eigin hlið og ekki annað,
vantraust á öðru fólki og tilgangi þess,
virk svörun við sýndarljóma og táli,
tilfinningablandin trúarhollusta og ráðvilltar hugsjónir,
sveifluvirkni milli andstæðnanna,
mikil tilhneiging til að vera persónulegur og að gera persónuleikum hátt undir höfði,

sem leiðir til:

Skipulagðra heilðrænna hugsjóna,
stöðugleika í næmni vegna útpenslu vitundarinnar,
að tekið er tillit til og borin virðing fyrir skoðunum annarra,
fúsleika til að sjá verk annarra þróast samkvæmt þeim línunum sem þeir hafa sjálfir kosið,
að miðleiðin er valin,
friðar en ekki stríðs, velferðar **heildarinnar** en ekki aðeins einstakra aðgreindra hluta.

Sjöundi geislinn

Svartakynngi eða hagnýting kynngikrafta í eigingjörnum tilgangi,
hæfileiki til að bíða og taka ekki afstöðu þar til eigingjörn gildi koma fram,
óregla og ringulreið, vegna þess að Áætlunin er misskilin,
röng notkun orða til að ná fram völdum markmiðum,
óheiðarleiki,
kynkynngi, eigingjörn afbökun sálarkrafta,

sem leiðir til:

Hvítakynngi, hagnýtingar sálarkrafta til andlegra markmiða,
samsömunar sjálfsins við raunveruleikann,
rétt skipulags vegna réttrar kynngi,
hæfileika til samstarfs við **heildina**,
skilnings á Áætluninni,
hins kynngimagnaða túlkunarstarfs,
raunbirtingar guðdómsins.

Esoteric Psychology,
Volume II,
A Treatise on the Seven Rays,
bls. 39 - 43.

